
Menntun og störf

Höfuðmarkmið þessarar námsgreinar er að auðvelda nemendum að brúa bilið milli grunnskóla og framhaldsskóla. Að fræða nemandann um næsta skólastig og gefa honum tækifæri til að líta í eigin barm og taka upplýsta og raunhæfa ákvörðun um hvert leið hans liggur eftir grunnskólann. Fjallað verður um atvinnulífið, starfsstéttir og mismunandi starfsmöguleika. Nemendur eru hvattir til að kynna sér mismunandi störf og fá tækifæri til að fara í heimsóknir til fyrirtækja eða vinnustaða.

Markmið

Að nemendur

- kynnist næsta skólastigi.
- þjálfist í að koma sem gestur í framhaldsskólana og vera hluti af hópi.
- þjálfist í að afla sér upplýsinga og skrifa skýrslu um heimsóknina.
- fái tækifæri til að skoða sitt áhugasvið, styrkleika sína og veikleika og máti við það sem þeir kynnast í heimsóknum sínum í framhaldsskólana.
- Kynnist mismunandi störfum og fái tækifæri til að heimsækja fyrirtæki.

Leiðir

Kynningaferðir með bekknum og kennara í framhaldsskólana á skólatíma. Nemendur skrifa skýrslur í kjölfar hverrar heimsóknar. Umræður, hóp- og einstaklingsverkefni.

Fjallað verður um starfsval og mismunandi starfsmöguleika. Nemendur kynna sér mismunandi störf og fara í heimsóknir til fyrirtækja.

Námsmat

Skriflegt próf í lok hverrar annar. Leiðsagnarmat með hverri skýrslu. Vinnusemi. Skil á verkefnum. Viðhorf til vinnunnar.

Námsgögn

Stefnan sett. Skriflegar leiðbeiningar um skýrslugerð. Skriflegt leiðsagnarmat.
